



Fundargerð

414. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.
Föstudaginn 17. nóvember 2017 kl. 17.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (VP) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður

Oddviti bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst og var samþykkt að taka það á dagskrá undir liðnum önnur mál, var þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 413. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 12. október 2017.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- húsnaðis- og hafnarnefnd 13. nóvember 2017.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 1709012 - Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006 - 2018 - aðalskipulagsbreyting Vestfjarðarvegur frá Bjarkalundi að Skálanesi.

Sveitarstjórn samþykkir að kynna uppfærða vinnslutillögu að aðalskipulagi í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Samþykkt samhljóða.

2.2. 1604001 - Deiliskipulag Dalur Kvígindisfirði, endurauglýsing skipulags.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2.3. 1505002 - Deiliskipulag Kirkjuból, endurauglýsing skipulags.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

3. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 13. nóvember 2017

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

3.1 Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, vinnslutillaga til umsagnar.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar, samþykkt samhljóða.

3.2. Vegna breytingar á samþykkt um hunda- og kattahald, samningur um dýraeftirlit.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

4. Stýrihópur um skólastefnu 31. ágúst, 10. október og 1. nóvember

Formaður stýrihóps fór yfir fundargerðirnar.

5. Öldungaráð 1. nóvember 2017.

SRB fór yfir fundargerðina.

5.1. Ályktun Öldungaráðs.

Ályktun lögð fram og kynnt.

6. Dreifbýlisnefnd 10. nóvember 2017.

ÁBG fór yfir fundargerðina. Oddvita falið að ræða við umsjónarmann fasteigna varðandi brunaskýli í Flatey.

7. Svæðisskipulagsnefnd 7. nóvember 2017.

7.1 1510008 - Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.

KK fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1710025- Fjárhagsáætlun 2018 - 2021, fyrri umræða.

Lögð eru fram drög að fjárhagsáætlun og framkvæmdaáætlun.

Lagt til að vísa fjárhagsáætlun til síðari umræðu. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn samþykkir álagningu gjalda fyrir árið 2018. Álagning gerir ráð fyrir óbreyttu útsvari og fasteignaskattsprósentu, viðmið árstekna vegna afsláttar elli- og lífeyrisþega af fasteignaskatti hækki sem nemur breytingu á launavísitölu á milli ára, og verði 3,7 millj. hjá einstaklingi og 5,3 millj. hjá hjónum. Samþykkt samhljóða.

2. 1710026 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2017.

Lagður er fram viðauki við fjárhagsáætlun 2017, ásamt útkomuspá fyrir árið.

Viðauki gerir ráð fyrir hækkun launa á aðalsjóð 11 millj., hækkun gjalda um 5 milljónir. Lækkun á framkvæmdum á eignarsjóði um 0,8 millj. Hækkun launa á Barmahlíð um 24,5 millj. Viðauki gerir ráð fyrir hækkun tekna á aðalsjóði um 35 millj. Þá gerir viðauki ráð fyrir fjárfestingu vegna ljósleiðara 20 millj., hækkun á fjárfestingu í aðalsjóði um 1,5 millj. lækkun fjárfestinga hafnarsjóðs 3 millj. og Reykhólaveitna 3 millj.

Framlagður viðauki við fjárhagsáætlun 2017 og útkomuspá samþykkt samhljóða.

3. 1711011- Ósk um samning, vegna byggingar almenns húsnæðis á Reykhólum.

Erindi frá Reyni Róbertssyni og Vilborgu Ásu Fossdal dagsett 30. október 2017. Í erindinu er óskað eftir breytingu á deiliskipulagi og niðurfellingu á gjöldum vegna byggingar tveggja fjörgurra íbúða raðhúsa.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið. Sveitarstjóra og oddvita falið að ræða við hlutaðeigandi um fyrirhuguð byggingaáform. Samþykkt samhljóða.

4. 17011013 - Ósk um starfsmannastefnu fyrir sveitarfélagið

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 31. október 2017.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið. Sveitarstjóra falið að leita til Guðrúnar Guðmundsdóttur, masters í mannauðsstjórnun, til að taka að sér verkefnið. Samþykkt samhljóða.

5. 1711014 - Reglugerð um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni, umsagnarbeiðni.

Erindi frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið 3. nóvember 2017.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu í takt við þær umræður sem fóru fram á fundinum. Samþykkt samhljóða.

6. 1711012 - Stofnun Þörungaklausturs, rannsóknar- og framleiðsluseturs með þang og þara á Reykhólum

Erindi frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða dagsett 10. nóvember 2017.

Sveitarstjórn fagnar frumkvæði um stofnun rannsóknar- og framleiðsluseturs á Reykhólum. Sveitarfélagið er tilbúið að koma að stofnun einkahlutafélags um Þörungaklaustur og veita til þess allt að 300 þús. kr. Samþykkt samhljóða.

7. 1709027 - Refaveiði 2017 - 2019

7.1 Refasamningur við Umhverfisstofnun 2017 - 2019

Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samning samhljóða og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

7.2 Uppgjör refaáætlun 2014-2016, Umhverfisstofnun.

Uppgjör lagt fram og kynnt.

Mál til kynningar

8. 1710028 - Kosningar til Alþingis 28. október 2017, greiðslur til sveitarfélaga.

Erindi frá Dómsmálaráðuneyti dagsett 30. október 2017.

Erindi lagt fram og kynnt, greiðsla hefur þegar verið sótt.

9. 1711015 - Magn úrgangs 2018 - Sundurliðun gagna niður á atvinnugreinaflokkum og sveitarfélög.

Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 19. október 2017.

Erindi lagt fram og kynnt.

10. 1711016 - Upplýsingagjöf sveitarfélaga við útgáfu og endurskoðun á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 6. nóvember 2017.

Erindi lagt fram og kynnt.

11. 1702011 – Fundargerðir stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldnir 28. september og 19. október 2017.

Fundargerðir lagðar fram.

12. 1703014 - Fundargerð 114. fundar heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 27. október 2017.

Fundargerð lögð fram, ásamt fjárhagsætlun embættisins fyrir árið 2018.

13. 1703018 - Fundargerð 853. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

14. 1711021 - Skýrsla frá Vinnueftirliti ríkisins varðandi Reykhólaskóla.

Skýrsla lögð fram og kynnt.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 21:00
